

Ár 2015, fimmtudaginn 3. desember kl. 8 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Þórhallur Einisson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Orkustofnun frá 25. nóvember 2015.

Í bréfinu er rætt um jarðhitanoftkun í Ölfusdal og könnun á notkun hjá notendum. Hveragerðisbær notar jarðhita úr Ölfusdal vegna íþróttamannvirkja í dalnum.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara fyrirspurnunum.

1.2. Bókabæjum austanfjalls ódagsett.

Í bréfinu er boðað á aðalfund Bókabæjanna austanfjalls sem haldinn verður í Ráðhúsi Árborgar mánudaginn 7. desember.

Lagt fram til kynningar. Forstöðumaður bókasafnsins í Hveragerði og fulltrúi bæjarstjórnar munu mæta á fundinn.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss frá 30. nóvember 2015.

Í bréfinu óskar Sveitafélagið Ölfuss eftir að fá aðgang að gámasvæði Hveragerðis fyrir íbúa og fyrirtæki í Sveitarfélaginu Ölfuss. Með bréfinu fylgdu drög af samningi milli sveitarfélaganna vegna þessa.

Bæjarráð samþykkir að verða við erindinu og samþykkir jafnframt meðfylgjandi samning.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 1. desember 2015.

Lagt fram minnisblað frá menningar og frístundafulltrúa vegna gjaldskrár á leigutímum í íþróttamannvirkjum.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrána.

4. Menningar- og frístunda málefni:

4.1. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 30. nóvember 2015.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa vegna fulltrúa í landsmótsnefnd 50+ þar sem kemur fram að Auðunn Guðjónsson hefur beðist undan setu í nefndinni.

Bæjarráð samþykkir að Sigrún Kristjánsdóttir verði fulltrúi í nefndinni í hans stað.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 19. nóvember 2015.**
- 5.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 20. nóvember 2015.**
- 5.3. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 28. október 2015.**
- 5.4. **Bergrisans frá 30. október 2015.**
- 5.5. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 27. nóvember 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:23

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Þórhallur Einisson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)